

# 17. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

20. MARS 2024, KL. 11:15-12:45 –TEAMS FUNDUR

## MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir (T), Benóný Jónsson (T), Björg Helgadóttir (T), Jón Már Halldórsson (T), Kristín Hermannsdóttir (T), Lilja Grétarsdóttir (T), Marianna H. Helgadóttir (T), Sigvaldi Thordarson (T), Stefán Már Stefánsson (T), Stella Hrönn Jóhannsdóttir (T), Svava S. Steinarsdóttir (T), Una Bjarnadóttir (T), Unnur Magnúsdóttir (T) og Þorkell Heiðarsson (T).

Gestir: Endurskoðendur Deloitte, Bergljót Einarsdóttir í stjórn kjaradeilusjóðs FÍN og Runólfur Vigfússon lögfræðingur FÍN.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

## FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:16.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

MHH fór yfir 16. fundargerð stjórnarfundar frá 11. mars sl.

**Afgreiðsla:** Samþykkt. MHH mun senda allar fundargerðir til rafrænnar undirritunar í gegnum Dokobit.

#### 2. Skýrsla stjórnar

MHH kynnti drög að skýrslu stjórnar. Stjórnarfolk er hvatt til að kynna sér efni hennar og senda ábendingar ef einhverjar eru fyrir kl. 15:00 í dag þegar fundargögn aðalfundar FÍN verða send út.

#### 3. Aðferðarfræði um kosningu á nafni félagsins

MHH kynnti þá aðferðarfræði sem notuð verður við kosningu á nafni félagsins. Stjórn leggur til þrjú nöfn; FÍN, FÍNT og VÍST, en fundarmönnum er frjálst að leggja fram aðrar tillögur.

Umræður.

Lagt er til að í stað þess að leggja fram tillögur að nýju nafni og breytingu á 1. gr. laga FÍN til samþykktar á aðalfundi, eru dagskrárliðirnir lagðir fram til kynningar og boðað til framhaldsaðalfundar 3. maí nk. til að taka þessa dagskrárliði fyrir sérstaklega.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

SMS vék af fundi kl. 11:56

**4. Ársreikningar FÍN, Kjaradeilusjóðs FÍN og Vísindasjóðs FÍN – Kynning og undirritun**

Bergljót Einarsdóttir í stjórn kjaradeilusjóðs kom inn á fundinn kl. 12:00

Gunnar Þorvarðarson og Lilja Brandsdóttir frá Deloitte komu inn á fundinn kl. 12:00 og kynntu ársreikninga FÍN, Kjaradeilusjóðs FÍN og Vísindasjóðs FÍN sem og niðurstöður endurskoðunar.

Umræður.

Afgreiðsla: Ársreikningar FÍN, Kjaradeilusjóðs FÍN og Vísindasjóðs FÍN eru samþykktir. Deloitte mun senda skjölin til undirritunar strax eftir kynninguna og er mjög mikilvægt að allir stjórnarmenn undirriti þau um leið og boð berast um undirritun og í síðasta lagi innan dagsins.

**5. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar vegna máls fyrir MDE**

RV kom inn á fundinn kl. 12:29 og kynnti minnisblað lögfræðings vegna mögulegs málskots fyrir MDE. Málskot til MDE er ákveðið tækifæri til þess að fá niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 10/2023 fellda úr gildi sem og að fá varanlega úr þessu skorið. Hins vegar eru alltaf líkur á að MDE hafni því að taka málið fyrir þar sem dómstóllinn forgangsraðar málum eftir alvarleika og verulegur minnihluti mála rati alla leið. Ef málið verður tekið fyrir er fyrirsjáanlegt að málsmeðferðatími geti orðið mjög langur og kostnaður nokkur.

Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt með öllum atkvæðum að FÍN greiði lögfræðikostnað vegna málskots fyrir MDE og að formaður óski jafnframt eftir aðkomu BHM þar sem niðurstaðan varðar alla félagsmenn BHM.

**6. Tilnefningar til framboðsnefndar BHM.**

Frestað.

**7. Staða kjaraviðræðna**

Frestað.

**8. Önnur mál**

Frestað.

Formaður boðar auka stjórnarfund 2. apríl kl. 12:00 á Teams til að ljúka frestuðum málum, kynna erindisbréf og finna fastan fundartíma.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:50.